

6. bekkur sviðslistir

Kennarar: Dóra Sjöfn Valsdóttir

Lýsing

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat, þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta menningar. Nemendur fá að tjá sig og allir hafa hæfileika til að skapa.

Unnið er með ferli frá hugmynd til afurðar, nemendur taka þátt og nýta eigin hugmyndir sem og annarra.

Markmið

Efla samvinnu. Nemendur læri að vinna saman að verkefni. Noti sköpunakraft til að búa til leiksýningu. Flytji texta skýrt og áheyrilega fyrir áhorfendur.

Námsefni

Búningar, leikmunir og í sumum tilvikum/jafnvel þekktar sögur sem unnið er uppúr en þó án handrita.

Kennsluaðferðir

Nemendur vinna saman undir leiðsögn kennara við að búa til stutta leikþætti og setji síðar upp leiksýningu frumsamda af hópnum eða unna uppúr þekktri sögu/leikriti, þó ekki notuð handrit. Hópurinn við að búa til leikrit setja það upp og sýna svo áhorfendum. Nemendur finni til búninga og aðra leikmuni. Dansatriði, helst frumsamin, eru æfð og tengd leiksýningunni. Mikil áhersla lögð á samvinnu.

Námsmat

Virgni miðað við hæfniviðmið. Símat

Sviðslistir fyrir 5.- 7. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Sviðslistir fyrir 5.- 7. bekk - Leiklist

- Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.
- Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.
- Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu.